 - Tannlæknastólar sem í eru tannlæknatæki í nr. 9018 eða tannlæknaspýtubakkar (nr. 9018).
 - Vörur í 91. kafla (t.d. klukku- og úrkassar).
 - Leikfangahúsgögn eða leikfangalampar eða leikfangaljósabúnaður (nr. 9503), knattborð eða önnur húsgögn sérstaklega gerð fyrir leikspil (nr. 9504), húsgögn fyrir töfrabrögð eða til skreytingar (þó ekki rafmagnsljósasveigar) eins og kínversk ljósker (nr. 9505).
- Vörur (aðrar en hlutar) sem tilgreindar eru í nr. 9401—9403 flokkast einungis í þessa vöruliði ef þær eru hannaðar til að standa á gólfi eða á jörðu.

Eftirtalin húsgögn flokkast þó í framangreind númer jafnvel þótt þau séu hönnuð til að hengja eða festa á vegg eða standa hvert ofan á öðru:

 - Bollaskápar, bókaskápar, önnur húsgögn með hillum og einingahúsgögn.
 - Sæti og rúm.
- Sem hlutar til vara í nr. 9401—9403 teljast ekki plötur eða skífur (einnig tilskornar en ekki festar við aðra hluta) úr gleri (þar með taldir speglar), marmara eða öðrum steini eða úr einhverju öðru efni sem vísað er til í 68. eða 69. kafla.
 - Vörur sem lýst er í nr. 9404 og framvísað er aðskildum flokkast ekki í nr. 9401, 9402 eða 9403 sem hlutar til vara.
- Sem *forsmíðaðar byggingar* í nr. 9406 teljast byggingar sem framleiddar eru í verksmiðju eða seldar í einingum, framvísað saman og settar saman á staðnum, svo sem íbúðir eða vinnubúðir, skrifstofur, skólar, verslanir, skúrar, bílskýli eða áþekkar byggingar.

		A	E
		%	%
9401	Sæti (þó ekki sæti í nr. 9402), einnig sem breyta má í rúm, og hlutar til þeirra:		
1000	– Sæti til nota í flugvélum	10	0
2000	– Sæti til nota í ökutækjum	10	0
3000	– Snúningsstólar með hæðarstillingu	10	0
4000	– Sæti, þó ekki garðsæti eða viðlegubúnaður, sem hægt er að breyta í rúm	10	0

	A %	E %
5000 – Sæti úr reyr, körfuviði, bambus eða áþekku efni	10	0
– Önnur sæti, með grind úr viði:		
6100 – – Bólstruð	10	0
6900 – – Annars	10	0
– Önnur sæti, með grind úr málm:		
7100 – – Bólstruð	10	0
7900 – – Annars	10	0
8000 – Önnur sæti	10	0
9000 – Hlutar	10	0
9402 Húsgögn til lyflækninga, skurðlækninga, tannlækninga eða dýra-		
lækninga (t.d. skurðarborð, rannsóknaborð, sjúkrarúm með vél-		
rænum búnaði, tannlæknaastólar); rakarastólar og áþekkir stólar sem		
búnir eru snúnings- jafnt sem halla- og lyftubúnaði; hlutar til		
framangreindra vara:		
1000 – Tannlækninga-, rakara- eða áþekkir stólar og hlutar til þeirra ...	10	0
9000 – Annað	10	0
9403 Önnur húsgögn og hlutar til þeirra:		
– Málmhúsgögn til nota á skrifstofum:		
1001 – – Skrifstofu- og skjalaskápar	10	0
1009 – – Önnur	10	0
– Önnur málmhúsgögn:		
2001 – – Hillur og skápar	10	0
2002 – – Borð	10	0
2003 – – Rúm	10	0
2009 – – Annars	10	0
– Viðarhúsgögn til nota á skrifstofum:		
3001 – – Skrifborð	10	0
3009 – – Önnur	10	0
4000 – Viðarhúsgögn til nota í eldhúsi	10	0
– Viðarhúsgögn til nota í svefnherbergi:		
5001 – – Rúm	10	0
5009 – – Önnur	10	0
– Önnur viðarhúsgögn:		
6001 – – Hillur og skápar	10	0
6002 – – Borð	10	0
6009 – – Annars	10	0
– Húsgögn úr plasti:		
7001 – – Hillur og skápar	10	0
7002 – – Borð	10	0
7009 – – Önnur	10	0
– Húsgögn úr öðrum efnum, þar með talið reyr, körfuviði, bambus		
eða áþekktum efnum:		
8001 – – Hillur og skápar	10	0
8002 – – Borð	10	0
8003 – – Rúm	10	0
8009 – – Annars	10	0
9000 – Hlutar	10	0

		A %	E %
9404	Rúmbotnar; rekkjubúnaður eða áþekkur húsbúnaður (t.d. dýnur, stungnar ábreiður, æðardúnssængur, púðar, sessur og koddar) með fjöðrum eða bólstraðar hið innra með hvers konar efni eða úr holrúmsgúmmí eða -plasti, einnig með áklæði:		
1000	– Rúmbotnar	10	0
	– Dýnur:		
2100	– – Úr holrúmsgúmmí eða -plasti, einnig með áklæði	10	0
2900	– – Úr öðrum efnum	10	0
3000	– Svefnpokar	10	0
9000	– Annað	10	0
9405	Lampar og ljósabúnaður, þar með talin leitarljós og kastljós og hlutar til þeirra, ót.a.; ljósaskilti, ljósanafnskilti og þess háttar sem útbúið er föstum ljósgjafa, og hlutar til þeirra, ót.a. :		
	– Ljósakrónur og annar rafmagnsljósabúnaður, í loft eða á vegg, þó ekki til að lýsa upp opin almenningssvæði eða umferðaræðar:		
1001	– – Flúrskinsljós	10	0
1009	– – Annað	10	0
	– Borðlampar, skrifborðslampar, náttborðslampar eða standlampar fyrir rafmagn:		
2001	– – Flúrskinsljós	10	0
2009	– – Annað	10	0
3000	– Ljósasamstæður fyrir jólatré	10	0
	– Aðrir rafmagnslampar og ljósabúnaður:		
4001	– – Flúrskinsljós	10	0
4009	– – Annað	10	0
5000	– Lampar og ljósabúnaður, ekki fyrir rafmagn	10	0
	– Ljósaskilti, ljósanafnskilti og þess háttar:		
6001	– – Flúrskinsljós	10	0
6009	– – Úr öðrum efnum	10	0
	– Hlutar:		
	– – Úr gleri:		
9101	– – – Lampaskermar	10	0
9109	– – – Aðrir	10	0
	– – Úr plasti:		
9201	– – – Skermar	10	0
9209	– – – Aðrir	10	0
	– – Aðrir:		
9901	– – Skermar	10	0
9909	– – – Annars	10	0
9406	Forsmiðaðar byggingar:		
0001	– Málmgjöldur ásamt ytri klæðningu á þak og vegg	5	0
0009	– Aðrar	5	0

95. KAFLI

Leikföng, leikspil og íþróttabúnaður; hlutar og fylgihlutir til þessara vara

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Jólátréskerti (nr. 3406).
 - b. Flugeldar eða aðrar flugeldavörur í nr. 3604.
 - c. Garn, einþáttingar, snúrur, þarmar eða þess háttar til fiskveiða, skorið í lengdir en ekki tilbúnað fiskilínur, í 39. kafla, nr. 4206 eða flokki XI.
 - d. Íþróttatöskur eða önnur ílát í nr. 4202, 4303 eða 4304.
 - e. Íþróttafatnaður eða grímubúningar úr spunavörum í 61. eða 62. kafla.
 - f. Flögg eða fánaskreytingar úr spunavörum eða segl á báta, seglbretti eða landför í 63. kafla.
 - g. Íþróttaskófatnaður (þó ekki skautaskór með áföstum ísskautum eða hjólaskautum) í 64. kafla eða íþróttahöfuðfatnaður í 65. kafla.
 - h. Göngustafir, svipur, keyri eða þess háttar (nr. 6602) eða hlutar til þeirra (nr. 6603).
 - ij. Óuppsett augu úr gleri í brúður eða önnur leikföng í nr. 7018.
 - k. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýgreindir í 2. athugasemd við flokk XV, úr ódýrum málmum (flokkur XV) eða áþekkar vörur úr plasti (39. kafla).
 - l. Bjöllur, slagöld eða þess háttar í nr. 8306.
 - m. Rafhreyflar (nr. 8501), rafstraumbreytar (nr. 8504) eða raffjarstýribúnaður (nr. 8526).
 - n. Sportökutæki (þó ekki langsleðar, snjóbretti og þess háttar) í flokki XVII.
 - o. Barnareiðhjól (nr. 8710).
 - p. Sportför, svo sem kanóar og kænur (89. kafla), eða búnaður til að knýja þau áfram (44. kafla að því er varðar slíka hluti úr viði).
 - q. Gleraugu, hlífðargleraugu og þess konar til íþróttar og útileikja (nr. 9004).
 - r. Tálflautur eða blístrur (nr. 9208).
 - s. Vopn eða aðrir hlutir í 93. kafla.
 - t. Rafmagnsljósasveigar hvers konar (nr. 9405).
 - u. Strengir í boltaspaða, tjöld eða annar viðlegubúnaður eða hanskar (flokkast eftir því efni sem þetta er aðallega gert úr).
2. Til þessa kafla teljast einnig vörur sem í eru minni háttar efnisþættir úr náttúrulegum eða ræktuðum perlum, eðalsteinum eða hálfedalsteinum (náttúrulegum, syntetískum eða endurgerðum), góðmálmi eða málmum klæddum góðmálmi.
3. Leiði ekki annað af 1. athugasemd hér á undan skulu hlutar og fylgihlutir sem einungis eða aðallega eru nothæfir við vörur í þessum kafla flokkast með þeim vörum.

		A %	E %
9501	Leikföng á hjólum, hönnuð fyrir börn til að sitja á (t.d. þríhjól, hlaupahjól, stignir bílar); brúðuvagnar og brúðukerrur:		
	0001 – Barnaþríhjól	10	0
	0009 – Annað	10	0
9502	Brúður sem einungis eru gerðar í mannsmynd:		
	1000 – Brúður, einnig klæddar	10	0
	– Hlutar og fylgihlutir:		
	9100 – – Fatnaður og fylgihlutir til hans, skó- og höfuðfatnaður	10	0
	9900 – – Aðrir	10	0
9503	Önnur leikföng; smækkuð líkón (í stærðarhlutföllum) og áþekk tómskundalíkón, einnig gangfær; hvers konar þrautir:		
	1000 – Rafmagnsjárnbrautir, þar með taldir teinar, brautamerki og aðrir fylgihlutir til þeirra	10	0
	2000 – Smækkuð líkón (í stærðarhlutföllum) til samsetningar, einnig gangfær módel, þó ekki í nr. 9503.1000	10	0

	A %	E %
3000	10	0
– Önnur byggingarsett og byggingarleikföng		
– Leikföng sem eru í líki dýra eða ómennsk:		
4100	10	0
– – Með tróði		
4900	10	0
– – Önnur		
5000	10	0
– Leikfangahljóðfæri og leikfangaáhöld		
6000	10	0
– Prautir		
7000	10	0
– Önnur leikföng, í settum eða búningum		
8000	10	0
– Önnur leikföng og líkön, með hreyfli		
9000	10	0
– Annars		
9504		
Hlutir til samkvæmisleikja, borð- eða spilastofuleiktæki, þar með talin pinnaborð, knattborð, sérstök borð fyrir fjárhættuspil og sjálfvirkur búnaður fyrir keilubrautir:		
1000	10	0
– Leiktæki sem notuð eru við sjónvarpsviðtæki		
2000	10	0
– Hlutir og fylgihlutir til knattleikja		
3000	10	0
– Önnur leikspil, myntstýrð eða diskstýrð, þó ekki búnaður fyrir keilubrautir		
4000	10	0
– Spil		
– Annað:		
9001	10	0
– – Taflborð og taflmenn		
9002	10	0
– – Teningsspil og önnur hliðstæð leikspil		
9009	10	0
– – Annars		
9505		
Hlutir til skemmtana eða annars hátíðahalds, þar með taldir gripir fyrir töfrabrögð og sjónveringar:		
1000	10	0
– Hlutir til jólahalds		
9000	10	0
– Aðrir		
9506		
Hlutir og búnaður til fimleika, frjálsra íþróttá, annarra íþróttá (þar með talið borðtennis), ót.a. í þessum kafla;		
– Snjóskíði og annar búnaður fyrir snjóskíði:		
1100	10	0
– – Skíði		
1200	10	0
– – Skíðabindingar		
1900	10	0
– – Annað		
– Snjóskíði, brimbretti, seglbretti og annar búnaður fyrir vatnaíþróttir:		
2100	10	0
– – Seglbretti		
2900	10	0
– – Annað		
– Golfkylfur og annar golfbúnaður:		
3100	10	0
– – Kylfur, fullbúnaður		
3200	10	0
– – Golfkúlur		
3900	10	0
– – Annað		
4000	10	0
– Hlutir og búnaður fyrir borðtennis		
– Tennisspaðar, hnitspaðar (badminton) eða áþekkir spaðar, einnig strengdir:		
5100	10	0
– – Tennisspaðar, einnig strengdir		
5900	10	0
– – Aðrir		
– Knettir, aðrir en golfkúlur og borðtenniskúlur :		
6100	10	0
– – Tennisboltar		
6200	10	0
– – Uppblásnir		
6900	10	0
– – Aðrir		
7000	10	0
– Ísskautar og hjólaskautar, þar með taldir skautaskór með áföstum skautum		

		A	E
		%	%
	– Annað:		
9100	– – Hlutir og búnaður til fimleika eða frjálstra þróttá	10	0
9900	– – Annars	10	0
9507	Veiðistangir, önglar og annar búnaður til veiða á línu; fiskháfar, fiðrildaháfar og áþekk net; tálfluglar (þó ekki í nr. 9208 eða 9705) og áþekkur veiði- eða skotbúnaður:		
1000	– Veiðistangir	10	0
2000	– Önglar, einnig með öngultaumi	0	
3000	– Veiðihjól	10	0
9000	– Annað	10	0
9508	0000 Hringekjur, rólur, skotbakkar og annar búnaður fyrir skemmtigarða; farandhringleikhús, farandýrasöfn og farandleikhús	10	0

96. KAFLI

Ýmsar framleiddar vörur

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Snyrtiblýantar (33. kafli).
 - b. Vörur sem teljast til 66. kafla (t.d. hlutar til regnhlífa eða göngustafa).
 - c. Glysvarningur (nr. 7117).
 - d. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýgreindir í 2. athugasemd við flokk XV, úr ódýrum málmum (flokkur XV), eða áþekkar vörur úr plasti (39. kafli).
 - e. Eggjárn eða aðrar vörur í 82. kafla, með skafti eða öðrum hlutum úr útskurðar- eða mótnunarefnum. Til nr. 9601 eða 9602 teljast þó sköft eða aðrir hlutar til slíkra vara sem framvísað er sér.
 - f. Vörur í 90. kafla (t.d. gleraugnaumgerðir (nr. 9003), stærðfræðilegir teiknipennar (nr. 9017), burstar sérstaklega gerðir til tannlækninga, eða lyflækninga, skurðlækninga eða dýralækninga (nr. 9018)).
 - g. Vörur í 91. kafla (t.d. klukku- eða úrkassar).
 - h. Hljóðfæri eða hlutar eða fylgihlutir til þeirra (92. kafli).
 - ij. Vörur í 93. kafla (vopn og hlutar til þeirra).
 - k. Vörur í 94. kafla (t.d. húsgögn, lampar og ljósabúnaður).
 - l. Vörur í 95. kafla (leikföng, leikspil, íþróttabúnaður).
 - m. Listaverk, safnmunir eða forngríp (97. kafli).
2. Sem *útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu* í nr. 9602 telst:
 - a. Hörð fræ, kjarnar, skurn, hnetur og áþekk jurtaefni sem notuð eru til útskurðar (t.d. filabeinshnetur og dompálmahnetur).
 - b. Raf, merskúm, mótað raf, mótað merskúm, svartaraf (jet) og svartarafseftirlíkingar úr jarðefnum.
3. Sem *tilbúin knippi og vöndlar til framleiðslu á sópum og burstum* í nr. 9603 teljast einungis óáfest knippi og vöndlar úr dýrahári, jurtatrefjum eða öðru efni, sem er tilbúið án sundurgreiningar til ísetningar í sópa eða bursta, eða aðeins þarf að vinna lítils háttar til að gera það ísetningarhæft, svo sem að skera til á endum.
4. Vörur í þessum kafla, aðrar en í nr. 9601—9606 eða 9615, flokkast einnig í þennan kafla þótt þær séu gerðar að öllu leyti eða að hluta úr góðmálmi eða málmum klæddum góðmálmi, úr náttúrlegum eða ræktuðum perlum eða eðalsteinum eða hálfedalsteinum (náttúrlegum, syntetískum eða endurgerðum). Nr. 9601—9606 og 9615 taka þó til vara sem í eru minni háttar efnisþættir úr náttúrlegum eða ræktuðum perlum, eðasteinum eða hálfedalsteinum (náttúrlegum, syntetískum eða endurgerðum), góðmálmi eða málmum klæddum góðmálmi.

		A	E
		%	%
9601	Unnið filabein, bein, skjaldböskul, horn, hjartarhorn, kóral, perlumóðir og önnur unnin útskurðarefni úr dýraríkinu, og vörur úr þessum efnum (einnig mótaðar vörur):		
1000	– Unnið filabein og vörur úr filabeini	10	0
	– Annað:		
9001	– – Verkfæri	0	
9009	– – Annars	10	0
9602	Unnin útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu og vörur úr þessum efnum; mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, náttúrlegum gúmkuðum, náttúrlegum harpíxum eða mótnardeigi, og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót.a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín sem telst til nr. 3503) og vörur úr óhertu gelatíni.:		
0001	– Gelatínbelgir utan um lyf	0	
0002	– Til vélbúnaðar	0	
0009	– Annað	10	0

		A %	E %
9603	Sópar, burstar (þar með taldir burstar sem eru hlutar af vélum, tækjum eða ökutækjum), handstýrðir vélrænir gólfsópar, án hreyfils, þveglar og fjaðrakústar; tilbúin knippi eða vöndlar til framleiðslu á sópum eða burstum; málningarpúðar og -rúllur; skaftþvögur (þó ekki rúllupvögur):		
1000	– Sópar og burstar úr hrís eða öðrum jurtaefnum, samanbundið, einnig með skafti	10	0
	– Tannburstar, rakkústar, hárburstar, naglaburstar, augnháraburstar og aðrir hreinlætisburstar til nota á menn, þar með taldir slíkir burstar sem eru hlutar til tækja :		
2100	– – Tannburstar	10	0
	– – Aðrir:		
2901	– – – Með plastbaki	10	0
2909	– – – Annars	10	0
3000	– Listmálunarpenslar, ritpenslar og áþekkir burstar til nota við förðun	10	0
4000	– Málningar-, lakk- og áþekkir penslar (þó ekki burstar í nr. 9603.30); málningarpúðar og málningarrúllur	10	0
5000	– Aðrir burstar sem eru hlutar til véla, tækja eða ökutækja	10	0
9000	– Aðrir	10	0
9604	0000 Handsiur og handsáldir	10	0
9605	0000 Hreinlætis-, sauma-, eða skó- eða ferðasnyrtisett til persónulegra nota á ferðalögum	10	0
9606	Hnappar, þrýstítölur, smellur og smelluhnappar, hnappamót og aðrir hlutar til þeirra vara; hnappaefni (button blanks):		
1000	– Þrýstítölur, smellur og smelluhnappar og hlutar til þeirra	0	
	– Hnappar:		
2100	– – Úr plasti, ekki lagðir spunaefni	0	
2200	– – Úr málm, ekki lagðir spunaefni	0	
2900	– – Aðrir	0	
3000	– Hnappamót og aðrir hlutar til hnappa; hnappaefni	0	
9607	Rennilásar og hlutar til þeirra:		
	– Rennilásar:		
1100	– – Með tönnum úr ódýrum málm	10	0
1900	– – Aðrir	10	0
	– Hlutar:		
2001	– – Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	0	
2009	– – Aðrir	10	0
9608	Kúlupennar; pennar og merkipennar með flókaoddi og öðrum gropoddi; sjálfblekugar, stylógrafpennar og aðrir pennar; eftirritunargriffilar; skráfblyantar eða renniblyantar; penna-, blyants- og áþekk sköft; hlutar (einnig hettur og klemmur) til framangreindra vara, þó ekki vara í nr. 9609:		
1000	– Kúlupennar	30	
2000	– Pennar og merkipennar með flókaoddi og öðrum gropoddi	30	
	– Sjálfblekugar, stylógrafpennar og aðrir pennar:		
3100	– – Tússteiknipennar	30	
3900	– – Aðrir	30	
4000	– Skráfblyantar eða renniblyantar	30	
5000	– Vörusamstæður úr tveimur eða fleiri undanfarandi undirliða	30	
6000	– Fyllingar í kúlupenna, gerðar úr pennaoddi og blekhyli	30	

		A %	E %
	– Annað:		
	9100 – – Pennar og pennaoddar	30	
	9900 – – Annars	30	
9609	Blýantar (þó ekki blýantar í nr. 9608), vaxlitir, ritblý, pastellitir, teiknikol, rit- eða teiknikrít og klæðskerakrít:		
	1000 – Blýantar og vaxlitir með blýi í stinnu slíðri	30	
	2000 – Ritblý, svart eða litað	30	
	9000 – Annað	30	
9610	0000 Spjöld og töflur með yfirborði til að skrifa eða teikna á, einnig í ramma	10	0
9611	0000 Dagsetningar-, innsiglis- eða tölusetningarstimplar og þess háttar (þar með talin áhöld til prentunar eða áletrunar á merkimiða), til handstimplunar; leturhaldarar og stimpilsamstæður með slíkum leturhöldurum til handstimplunar	10	0
9612	Ritvélaborðar eða áþekk bönd með bleki eða unnin á annan hátt til áprentunar, einnig á spólum eða í hylkjum; blekpúðar, einnig með bleki eða í öskjum:		
	1000 – Borðar	10	0
	2000 – Blekpúðar	10	0
9613	Vindlingakveikjarar og aðrir kveikjarar, einnig vélrænir eða rafknúnir, og hlutar til þeirra, þó ekki steinar og kveikir:		
	1000 – Vasakveikjarar fyrir gas, ekki endurfyllanlegir	30	
	2000 – Vasakveikjarar, fyrir gas, endurfyllanlegir	30	
	3000 – Borðkveikjarar	30	
	8000 – Aðrir kveikjarar	30	
	9000 – Hlutar	30	
9614	Reykjapípur (þar með taldir pípuhausar) og vindla- eða vindlingamunnstykki, og hlutar til þeirra:		
	1000 – Gróft formuð viðar- eða rótarstykki til framleiðslu á pípum	30	
	2000 – Pípur og pípuhausar	30	
	9000 – Annað	30	
9615	Greiður, hárs pennur og þess háttar; hárnálar, hárlíðunarnálar, hárlíðunarklemmur, krullupinnar og þess háttar, þó ekki vörur í nr. 8516, og hlutar til þeirra:		
	– Greiður, hárs pennur o.þ.h.:		
	1100 – – Úr harðgúmmí eða plasti	10	0
	1900 – – Annað	10	0
	9000 – Annað	10	0
9616	Ilmúðarar og áþekkir snyrtivöruúðarar, og festingar og hausar til þeirra; duftpúðar og duftleppar til að bera á snyrti- eða hreinlætisvörur:		
	1000 – Ilmúðarar og áþekkir snyrtivöruúðarar, og festingar og hausar til þeirra	10	0
	2000 – Duftpúðar og duftleppar til að bera á snyrti- eða hreinlætisvörur	10	0
9617	0000 Hitafloskur og aðrir hitageymar, fullbúið með hylki; hlutar til þeirra, þó ekki glergeymar	10	0
9618	0000 Klæðskeragínur og önnur líkamslíkön; sjálfhreyfivélar og annar hreyfisýningarbúnaður fyrir útstillingar í búðargluggum	10	0

FLOKKUR XXI

Listaverk, safnmunir og forngrípir

97. KAFLI

Listaverk, safnmunir og forngrípir

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Ónotuð frímerki eða stimpilmerki, póststimpilmerki (stimpluð skjöl) eða áþekk merki sem eru gild eða verða gild í því landi sem er ákvörðunarstaður þeirra (49. kafli).
 - b. Leiktjöld, bakgrunnur í myndastofur eða þess háttar, úr máluðum tjöldum (nr. 5907), nema flokka megi það undir nr. 9706.
 - c. Perlur, náttúrlegar eða ræktaðar, eða eðalsteinar eða hálfedalsteinar (nr. 7101—7103).
2. Sem *frumverk af stungum, þrykki og steinprenti* í nr. 9702 teljast myndir sem þrykktar eru beint í svörtu og hvítu eða í lit með einni eða fleiri plötum sem listamaðurinn hefur gert að öllu leyti í höndunum, án tillits til þeirra aðferða eða efnis sem hann notar, þó ekki með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.
3. Til nr. 9703 teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru.
4. a. Leiði ekki annað af 1.—3. athugasemd hér á undan flokkast vörur í þessum kafla í þennan kafla en ekki í neinn annan kafla tollskrárinnar.
b. Nr. 9706 tekur ekki til vara sem teljast til einhvers af fyrri vöruliðum þessa kafla.
5. Rámmar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekk veggskreytisþjöld, stungur, þrykk eða steinprent skoðast sem hlutar af þessum vörum, enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu samræmi við þær.

		A	E
		%	%
9701	Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, þó ekki teikningar í nr. 4906 og handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir; klippimyndir og áþekk veggskreytisþjöld:		
	1000 – Málverk, teikningar og pastelmyndir	0	
	9000 – Annað	10	0
9702	0000 Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti	0	
9703	0000 Frumverk af höggmyndum og myndastyttum, úr hvers konar efni ..	0	
9704	0000 Frímerki eða stimpilmerki, póststimpilmerki, fyrstadagsumslög og póststimpilskjöl (stimpluð skjöl), og þess háttar, notuð, eða ef ónotuð, þá ógild eða verða ógild í því landi sem er ákvörðunarstaður þeirra	0	
9705	0000 Dýrafræðileg, grasfræðileg, bergfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg eða myntfræðileg söfn og safnmunir	0	
9706	0000 Forngrípir eldri en 100 ára	0	

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi 1. og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., ásamt lögum um breyting á greinum þessum svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt greinum þessum.

Við gildistöku laga þessara falla jafnframt úr gildi ákvæði í öllum öðrum lögum um lækkun eða niðurfellingu tolla eða aðflutningsgjalda, nema slíkar undanþágur styðjist jafnframt við milliríkjasamninga eða samninga ríkisins við erlenda aðila.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Af öllum vörum, sem ótollafgreiddar eru 1. janúar 1988, skal greiða toll samkvæmt tollskrá í viðauka I við tollalög, sbr. 2. gr. þessara laga.

Hafi leyfi til afhendingar á vöru verið veitt fyrir gildistöku laga þessara skal tollmeðferð hennar þó miðuð við þá tolla og önnur gjöld sem í gildi voru við leyfisveitinguna. Þó skal heimilt að tollafgreiða vöru sem tímabundinn innflutningur hefur verið leyfður á af tollyfirvaldi, enda sé vara endursend til útlanda innan þeirra tímamarka sem tollyfirvald setti fyrir gildistöku þessara laga.

II

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 8429.1100–8430.6200, 8430.6909 og 8431.4109 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 15% 1. janúar 1990, 10% 1. janúar 1991, 5% 1. janúar 1992 og falla niður 1. janúar 1993.

III

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 2001.1000–2005.9000, 4818.2000–4818.3000, 8537.1000–8537.2000 og 8708.9200–8708.9300 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 10% 1. janúar 1990 og falla niður 1. janúar 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er kveðið sérstaklega á um nauðsyn endurskipulagningar á skipan tollamála með það fyrir augum að lækka tolla og samræma álagningu þeirra. Jafnframt skyldi heildarskipan aðflutningsgjalda stökkuð upp og gjöldum fækkað í því skyni að einfalda álagningu og tryggja sem mest samræmi milli innlends vöruverðs og innflutningsverðs. Loks skyldi stigið lokaskrefið í afnámi tolla af hráefnum til innleðrar framleiðslu, auk þess sem tollar af rekstrarvörum lækkuðu eða féllu alveg niður. Í framhaldi af þessari stefnumörkun ríkisstjórnarinnar fól fjármálaráðherra sérstökum starfshópi að undirbúa þetta verk. Þessi stefnumörkun var áréttuð í fjárlagafrumvarpinu þar sem jafnframt var ákveðið að kerfisbreytingin tæki gildi frá 1. janúar 1988.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er kveðið á um þann hluta þessarar endurskoðunar sem snýr að breytingum á tolltöxtum. Annar veigamikill þáttur þessarar uppstokkunar felst í niðurfellingu ýmissa eldri gjalda og álagningu nýs vörugjalds. Um það er fjallað í sérstöku lagafrumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Þessi endurskoðun og einföldun á tolla- og vörugjaldakerfinu tengist enn fremur þeim breytingum sem verða á söluskattskerfinu um næstu áramót þar sem hluta af því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir með tollalækkunum og afnámi vörugjalda, verður mætt með tekjum af breiðari söluskattsstofni. Þessi þrjú frumvörp þarf því að skoða samhliða. Hér á eftir er gerð grein fyrir meginþáttum þessarar kerfisbreytingar og áhrifum hennar á tekjur ríkissjóðs og verðlag. Enn fremur er fjallað um helstu breytingar sem orðið hafa á tollalögum frá því að Íslendingar gerðust aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu árið 1970.

2. Helstu þættir kerfisbreytingarinnar.

Með þessari uppstokkun á aðflutningsgjaldakerfinu er gert ráð fyrir að tollkerfið verði í stórum dráttum byggt á tveimur tekjustofnum, almennum tollum og vörugjaldi, í stað margra smærri gjaldstofna. Þannig eru felld niður eftirtalin gjöld: Sérstakt vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu (24% og 30%), vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu (7% og 17%), byggingariðnaðarsjóðsgjald og tollafgreiðslugjald. Jafnframt eru hæstu tollar lækkaðir, úr 80% niður í 30%, að tóbaki og bensíni undanskildu. Þá er gert ráð fyrir að fella matartolla nær undantekningarlaust niður, en hámarkstollar á þeim eru nú 40%. Loks verður stigið lokaskrefið í átt til samræmingar í álagningu aðflutningsgjalda á atvinnurekstur með því að fella niður tolla og vörugjöld af vélum, tækjum og varahlutum ýmiss konar til landbúnaðar og þjónustuiðnaðar.

Þessar tollalækkanir og niðurfelling nokkurra gjaldstofna eru taldar hafa í för með sér um 4600 m.kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Þessu tekjutapi verður annars vegar mætt með upptöku nýs vörugjalds hins vegar með hluta af auknum söluskattstekjum vegna breikkunar skattstofnsins. Í núgildandi tolla- og vörugjaldskerfi gætir víða mikillar mismununar í skattlagningu ýmissa vörutegunda sem gegna svipuðu hlutverki í heimilishaldi. Sumar vörur bera háa tolla og vörugjöld, en aðrar sambærilegar vörur hvorugt. Þessi kerfisbreyting hefur í för með sér talsverða röskun á verðhlutföllum hér innan lands. Þess eru jafnvel dæmi að einstakar vörutegundir lækki um meira en helming í verði en aðrar hækki um 15–20%. Hjá þessu er erfitt að komast, nema með því að ganga þvert á megintilgang breytingarinnar, þ.e. að einfalda álagningu og bæta eftirlit með innheimtu aðflutningsgjalda og jafnframt samræma verðhlutföll á hliðstæðum vörum. Það segir sig sjálfst að áhrif svo umfangsmikilla breytinga eru ákaflega vandmetin. Þetta á jafnt við um áhrifin á tekjuhlið ríkissjóðs og raunar ekki síður verðlagsáhrifin eins og þau koma fram í vísitölu framfærslu- og byggingarkostnaðar. Í meðfylgjandi töflu er birt yfirlit yfir heildarstærðirnar í þessu dæmi, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa breytinga á tollum, vörugjöldum og söluskatti um næstu áramót.

Áætluð tekju- og verðlagsáhrif þessara breytinga*.

	Skattstofn m.kr.	Skatt- hlutfall %	Skatt- tekjur m.kr.
1. Almennur söluskattur	121.550	25,0	30.400
2. Sérstakur söluskattur	6.850	12,0	820
	5	5	5
3. Samtals	128.400	24,3	31.220
4. Söluskattur skv. fjárlagafrumvarpi			26.340
5. Mismunur (3.–4.)			4.880
6. Nýtt vörugjald	11.400	14,0	1.600
7. Tekjutap ríkissjóðs			4.630
8. Mismunur (5.+6.–7.) til niðurgreiðslna, lífeyris- og barnabóta			1.850
9. Framfærsluvísitala breytist lítið sem ekkert			
10. Byggingarvísitala gæti lækkað um rúmlega 2%			
11. Lánskjaravísitala gæti lækkað um tæplega 1%			

* Þessar tölur eru settar fram á verðlagi fjárlagafrumvarps og kunna að breytast fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga, ef verðlags- og tekjuforsendur frumvarpsins breytast.

Samkvæmt þessu má ætla að heildaráhrif tolla-, vörugjalds- og söluskattsbreytinganna um næstu áramót hafi ekki í för með sér hækkun á framfærslukostnaði heimilanna. Raunar eru áhrifin jafnvel heldur til lækkunar. Þetta er þó erfitt að meta með nokkurri vissu þar sem breytingarnar eru svo víðtækar.

Þannig veldur tolla- og vörugjaldsbreytingin ein sér talsverðri verðlækkun á matvælum almennt, eða um 3% á mælikvarða framfærsluvísitölu. Verð á öðrum neysluvörum lækkar einnig, en þó heldur minna, eða um rúmlega 2% þegar á heildina er litið. Að öllu samanlögðu gæti framfærsluvísitalan því lækkað um allt að 2% við tollkerfisbreytinguna eina sér. Þessi lækkun er á hinn bóginn vegin upp af breikkun söluskattstofnsins sem fyrr segir þannig að þegar allt kemur til alls yrði framfærslukostnaður heimilanna óbreyttur.

Vísitala byggingarkostnaðar lækkar hins vegar töluvert við þessa breytingu, eða um meira en 2% að meðaltali. Samkvæmt þessum áætlunum mundi lánskjaravísitalan því geta lækkað um tæplega 1% í kjölfar þessarar kerfisbreytingar. Verðlækkunin gæti í reynd orðið meiri þar sem í þessum áætlunum hefur ekki verið tekið tillit til þeirra óbeinu áhrifa sem kynnu að koma í kjölfar tollalækkunar af ýmsum aðföngum, vélum og tækjum.

Með þeim breytingum á tolli, vörugjaldi og söluskatti, sem áformaðar eru um næstu áramót, er stefnt að verulegri einföldum á núgildandi skattkerfi. Með þessu er verið að koma á betra samræmi milli verðhlutfalla bæði hér innan lands og ekki síður milli innlendrar og erlendrar vöru, en undanfarin ár og jafnvel áratugi hafa eðlileg verðhlutföll milli einstakra vörutegunda meira og minna brenglast. Ástæðurnar fyrir þessu eru sjálfsagt margvíslegar og vafalaust hefur verið hægt að réttlæta ýmsar þeirra á sínum tíma. Hitt er jafnljóst að þegar litið er á verðmyndun í landinu í samhengi blasir víða við verulegt misræmi í verðlagningu. Það má telja fullvíst að þetta misræmi hafi óheppileg áhrif á eðlilega verðmyndum hér á landi bæði með óhagkvæmari innkaupum og herra vöruverði en ella. Enn fremur hefur það vafalaust í mörgum tilvikum ýtt undir óæskilega viðskiptahætti og þannig í reynd stuðlað að undandrætti frá skatti. Þess vegna er löngu orðið tímabært að vinda ofan af þessu kerfi og gera það auðveldara í eftirliti og framkvæmd. Það er megin-tilgangur þessarar kerfisbreytingar.

3. Þróun tolla og aðflutningsgjalda á Íslandi.

Með aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) á árinu 1970 og fríverslunarsamningi við Evrópubandalagið (EB) á árinu 1973 var horfið frá einangrun landsins í utanríkisviðskiptum. Háir verndartollar voru þá lækkaðir gegn greiðari aðgangi að útflutningsmörkuðum í Vestur-Evrópu. Var það fyrst og fremst mikilvægt fyrir sjávarafurðir en átti einnig að opna leiðir fyrir vaxandi útflutning á iðnaðarvörum.

Við inngöngu Íslands í EFTA voru tolltekjur verulegur hluti ríkissjóðstekna eða nálægt þriðjungu árið 1969. Aðildin að EFTA markaði nýja stefnu í þessum málum því að segja má að þá hafi fyrsta skrefið verið stigið til að hverfa frá aðflutningsgjöldum sem aðaltekjulind ríkissjóðs.

Í samræmi við aðildarskilmála voru tollar af verndarvörum, þ.e. iðnaðarvörum sem EFTA-samningurinn tók til og jafnframt voru framleiddar hér á landi að einhverju marki eða höfðu sambærilegt notagildi við innlenda framleiðslu, lækkaðir um 30% gagnvart EFTA-löndunum en látnir standa í stað gagnvart öðrum. Tollar á verndarvörum skyldu síðan lækka um 10% árlega fram til 1980 er þeir féllu að fullu niður. Tollar á hráefni voru almennt lækkaðir um 50% en tollar á vélum í 7%. Á þessu stigi voru ekki ákveðnar tollalækkunar á fjáröflunarvörum. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara tollalækkana var söluskattur hækkaður.

Að ósk iðnaðarins var tollvernd haldið að mestu óbreyttri næstu fjögur ár aðlögunar-tímans eða til 1974 er ákvæði fríverslunarsamnings Íslands við EB um tollalækkunar tóku

gildi, en þá var tollur á verndarvörum lækkaður um 10% á ári fram til 1976. Jafnframt tollalækkunum á verndarvörum frá EFTA og EB var ákveðið að lækka tolla almennt á þessum vörum, þ.e. frá löndum utan EFTA og EB, enda hætta á að mikill tollmunur á þessum vörum hefði leitt til óeðlilegrar viðskiptaþróunar. Þá voru tollar samtímis felldir niður af vélum og hráefnatollar felldir niður í tveimur áföngum á tímabilinu fram til ársins 1976. Vegna hagsmuna ríkissjóðs varð að gera ýmis frávik frá þessari almennu tollaniðurfellingu af hráefnum þar sem ýmsar vörur eru jöfnum höndum notaðar til iðnaðarframleiðslu og almennrar neyslu eða fjárfestingar. Vandamál af þessu tagi snertu ýmsar byggingarvörur, hráefni og véla- og varahluti.

Með tollskrárlögum frá 1976 voru lokaskrefin stigin vegna samningsbundinna tollalækkana gangvart EFTA og EB og tollar lækkaðir á verndarvörum um 10% á ári fram til 1980 er þeir féllu að fullu niður. Tollalækkunum á nokkrum verndarvörum var þó hraðað vegna eindreginna tilmæla frá samtökum iðnaðarins. Voru þessar vörur taldar iðnaðinum mikilvægari sem hráefni, en fá að njóta tollverndar áfram vegna innflutnings á þeim. Jafnframt var haldið áfram á þeirri braut að lækka tolla af ýmsum vélum, tækjum, hráefnum og rekstrarvörum sem samtök iðnaðarins töldu iðnfyrirtæki nota og enn voru greidd gjöld af. Þrátt fyrir slíkar lagfæringar var ljóst að einstök vandamál mundu standa óleyst. Vörðuðu þau einkum efnivörur sem jöfnum höndum eru hráefni til ákveðinna iðngreina og mikilvægar neysluvörur til almennra nota. Til þess að opna leið til að leysa slík mál var tekið upp sérstakt heimildarákvæði í 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaga, sbr. 13. tölul. 6. gr. frumvarpsins, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til nota í verndarvöruíðnaði. Auk samningsbundinna tollalækkana fólu tollskrárlögin frá 1976 jafnframt í sér almennar tollalækkanir á fjárfestingarvörum og almenna lækkun fjáröflunartolla úr 100% í 80%. Eins og hér hefur verið rakið var samhliða tollalækkunum á verndarvörum reynt að bæta samkeppnisstöðu iðnfyrirtækja innan lands með því að lækka smám saman tolla á vélum og tækjum til þeirrar framleiðslu. Þrátt fyrir þær leiðréttingar, sem gerðar hafa verið á tollskrárlögum, eru enn mörg dæmi þess að iðnfyrirtækjum sé gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum. Þessu veldur annars vegar að aðföngin flokkast í svokölluð blönduð tollskrárnúmer sem að verulegu leyti fela í sér vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Með tilliti til þessara vandkvæða svo og vegna tekjuskjónarmiða ríkissjóðs hefur ekki verið talið fært að fella niður tolla af vörum í þessum tollskrárnúmerum. Í annan stað er ástæðan sú að heimildarákvæði 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaga, sem tekið var upp 1976, hefur verið túlkað þröngt og hefur það leitt til þess að ekki hefur tekist að ná því markmiði að fella niður öll aðflutningsgjöld af aðföngum iðnaðarins. Vegna fríverslunarsamninganna hafa aðrar atvinnugreinar notið tollfríðinda á útflutningsmörkuðum og almennra tollalækkana á aðföngum.

Auk þeirra almennu tollalækkana, sem orðið hafa vegna breytinga á tollskrárlögum á undanförunum árum í tengslum við fríverslunarsamningana við EFTA og EB, hafa ýmsar sérstakar undanþágur verið veittar frá greiðslu aðflutningsgjalda. Þessar undanþágur byggjast ýmist á heimildum sem er að finna í 3. gr. tollskrárlaga eða sérstökum lögum sem sett hafa verið á undanförunum árum auk heimilda í fjárlögum. Þær heimildir, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi ýmis ákvæði er varða byggingu raforkumannvirkja. Þannig hafa aðflutningsgjöld og söluskattur verið felld niður af öllum byggingarvörum sem farið hafa til þeirra raforkumannvirkja sem Landsvirkjun hefur reist á undanförunum árum. Frá 1977 hafa aðflutningsgjöld og reyndar söluskattur einnig verið felld niður af byggingarefni sem notað hefur verið í hitaveituframkvæmdir víða um land. Í þriðja lagi hafa verið sett sérstök lög um einstakar verksmiðjur sem ákveðið hefur verið að reisa hér á landi með heimildum um að fella megi niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni og aðföngum. Undanþágu-

ákvæði þessi eru annars eins fjölbreytileg að efni og fjöldi þeirra er og verður ekki gerð frekari grein fyrir efni þeirra hér.

Verulegar breytingar hafa orðið á íslenskri tollalöggjöf frá árinu 1970, fyrst og fremst vegna þess fríverslunarsamstarfs sem Ísland hefur gengið til við lönd í Vestur-Evrópu. Þessi þróun kemur glögg fram á tekjuhlíð ríkisbúskaparins þar sem vægi toll- og vörugjaldstekna hefur minnkað verulega á undanförunum 15 árum eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti.

1975 22,0%	1981 19,1%
1976 21,5%	1982 19,0%
1977 21,9%	1983 17,3%
1978 20,4%	1984 16,8%
1979 18,6%	1985 14,7%
1980 17,6%	1986 11,0%

Á árinu 1987 er áætlað að vægi tekna af tollum og vörugjaldi verði um 11% af heildartekjum ríkissjóðs. Með þeim breytingum, sem fyrirhugaðar eru, má ætla að hlutfallið verði komið niður í 5%.

4. Einstök efnisatriði.

4.1. Hráefni og aðrar efnivörur.

Þótt fjölmörg vandamál hafi verið leyst með tollskránni frá 1976, að því er varðar hráefni og efnivörur, voru engu að síður ýmis þeirra skilin eftir. Var gert ráð fyrir að í fjármálaráðuneytinu yrði leyst úr slíkum málum, eftir því sem þau kæmu upp, með afgreiðslum fyrir aðila sem á vörum þessum þyrftu að halda til framleiðslu sinnar. Var þetta gert með stoð í heimildarákvæði sem tekið var upp í 12. tölul. 3. gr. laganna. Á þeim rúmlega átta árum, sem liðin eru frá því að tollskrárlögin voru síðast endurskoðuð, hefur ótölulegur fjöldi ráðuneytisbréfa, auglýsinga og reglugerða verið gefinn út til að leysa úr þessum málum. Þetta fyrirkomulag hefur skapað mikla óvissu í framkvæmd og orðið til að tefja afgreiðslu mála. Auk þess er hætta á að ekki hafi allir setið við sama borð við tollafgreiðslu á vörum þar sem sumir kunna að hafa látið hjá líða að sækja um niðurfellingu gjalda af vörum til framleiðslu sinnar. Við þetta ástand verður alls ekki unað lengur og er því lagt til að tollar verði almennt felldir niður af hráefnum og efnivörum sem afgreiðslur ráðuneytisins hafa fram til þessa tekið til. Frá þessu eru þó nokkrar undantekningar að því er varðar efnivörur sem jafnframt eru verndarvörur, þ.e. framleiddar hér á landi, svo og landbúnaðarafurðir. Við gerð frumvarpsins var leitað samvinnu við viðkomandi hagsmunaaðila, einkum í iðnaði, til að fá upplýsingar frá þeim um hráefni og efnivörur sem að þeirra áliti væri ástæða til að létta gjaldtöku af.

4.2. Vélar, tæki, varahlutir.

Við endurskoðun tollskrárinnar hefur verið lögð á það rík áhersla og út frá því gengið sem meginreglu að hætt verði að mismuna iðngreinum eftir því hvort um framleiðslu- eða þjónustuiðnað er að ræða. Mörkin milli þessara greina eru mjög óljós og nánast útilokað að ívilna einu fyrirtæki án þess að eiga á hættu að mismuna öðru þar sem fyrirtæki, sem er í framleiðslu annan daginn, er orðið þjónustuaðili hinn daginn. Með frumvarpinu er ekki aðeins stefnt að því að jafna skattalega stöðu iðnfyrirtækja í þjónustuiðnaði og framleiðslu- iðnaði, heldur er gert ráð fyrir í tollalegu tilliti að atvinnurekstur í landinu í heild búi við sömu skilyrði að því er varðar kaup á tækjum til starfseminnar.

Eins og vikið hefur verið að hér að framan var ekki talið unnt með tilliti til hagsmuna ríkissjóðs að fella niður að fullu aðflutningsgjöld á aðföngum atvinnuveganna árið 1976

þegar tollskrárlögin voru til endurskoðunar. Stóð til að reyna að leysa úr þeim vandamálum sem eftir stæðu síðar eða í síðasta lagi árið 1980 er tollalækkarnir samkvæmt samningunum við EFTA og EB komu að fullu til framkvæmda. Á tímabilinu til 1980 var fyrirhugað að beita heimild í 12. tölul. 3. gr. til þess að leysa úr brýnustu vandamálum er upp kæmu og ekki voru séð fyrir við lagasetninguna 1976. Lausnin hefur verið sú varðandi þau mál sem upp hafa komið að ráðuneytið hefur gefið út reglugerðir, auglýsingar og ráðuneytisbréf er fela í sér takmarkaðar undanþágur frá greiðslu aðflutningsgjalda vegna samkeppnisiðnaðarins. Heimildir þessar voru a.m.k. fyrst í stað að mestu leyti bundnar því skilyrði að framleiðslufyrirtækin sjálf flyttu inn vörurnar. Meðan undanþágum þessum var haldið í lágmarki höfðu þessi frávik frá meginreglum við tollafgreiðslu ekki teljandi áhrif á viðskiptahætti. Eftir því sem undanþágunum hefur fjölgað hafa ókostir þessa fyrirkomulags orðið enn meira áberandi. Undanþágur af þessu tagi hafa leitt til þess að innflutningsverslunin hefur að hluta færst úr höndum verslunarinnar en það hefur aftur leitt til óhagkvæmari innkaupa með minni vöruasetningu. Þessar undanþágur gagnvart samkeppnisiðnaði eru í sjálfu sér ekkert einsdæmi. Víða má finna slíkar undanþágur bæði í tollakerfinu og söluskattskerfinu. Má leiða líkur að því að þetta fyrirkomulag hafi valdið þjóðarþúinu í heild ómældu tjóni, m.a. með aukinni gjaldeyriseyðslu.

Með almennri niðurfellingu aðflutningsgjalda af efnivörum og varahlutum, vélum, tækjum o.s.frv. í sjálfri tollskránni, svo og fækkun eða niðurfellingu undanþáguheimilda sem hafa sömu áhrif og lýst hefur verið, ætti innflutningsverslun með þessar vörur að færast að nýju í eðlilegt horf.

4.3. Samningsbundnar tollalækkarnir gangvart EFTA og EB.

Í upphafi árs 1980 var lokið samningsbundnum tollalækkunum gangvart EFTA og EB. Frá þeim tíma hafa tollar verið felldir niður af nokkrum vörutegundum sem framleiðsla var hafin á hér innan lands eftir 1980 eða var orðin í þeim mæli að fella þarf niður gjöld af sambærilegum innfluttum vörum samkvæmt fyrirmælum í samningum við EFTA og EB. Tollfrelsi á þessum vörum hefur verið framkvæmt með auglýsingum, en samkvæmt frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að tekin verði upp sérstök tollskrárnúmer fyrir þessar vörutegundir.

Á undanförunum árum hafa fjármálaráðuneytinu borist fjölmörg erindi þar sem óskað hefur verið eftir samræmingu tolla á vörum. Reynt hefur verið eftir föngum að verða við þessum beiðnum en þó hefur ekki í öllum tilvikum verið talið fært að koma til móts við óskir þessar. Þær afgreiðslur, sem þó hafa fengið jákvæðar undirtekir af ráðuneytisins hálfu, eru fjölmargar, í raun svo margar að ráðuneytið taldi óhjákvæmilegt annað en taka þær saman og gefa út í sérstakri handbók.

Þau mál, sem frestað var afgreiðslu á, hafa nú verið tekin til athugunar við endurskoðun tollskrárinnar og felld eftir því sem við hefur verið komið inn í textann, auk þess sem gert er ráð fyrir eins og áður er sagt að fríverslunarmeðferð verði tekin upp á ýmsum þeim vörutegundum sem hafin er framleiðsla á hér innan lands. Með því að fella inn í tollskrána ýmsar ákvarðanir, sem nú er að finna í auglýsingum og ráðuneytisbréfum, um niðurfellingu eða samræmingu gjalda, ætti tollframkvæmd öll að verða einfaldari og fljótvirkari, auk þess sem draga ætti verulega úr þeirri hættu að mismunandi tollmeðferð eigi sér stað vegna innflutnings hinna ýmsu innflytjenda.

4.4. Fjáröflunartollar.

Samkvæmt gildandi lögum og reglum eru í gildi tvenns konar ytri tollar. Í tollskránni er annars vegar almennur tollur, A-tollur, og hins vegar samkvæmt reglugerð sérstakur tollur, S-tollur, vegna samnings EFTA-landanna og Spánar sem gerður var 1979. Tollur á vörum,

upprunnum á Spáni, er almennt 60% lægri en almennur tollur á vörum sem koma frá svæðum utan EFTA og EB.

Tollalækkunarþær, sem felast í frumvarpi þessu, munu hafa í för með sér að sami ytri tollur verður almennt á vörum sem koma frá svæðum utan EFTA og EB. Frá og með 1. janúar 1986 gerðust Spánn og Portúgal aðilar að EB. Samtímis var gerður samningur milli EFTA ríkjanna og EB. Spánn og Portúgal munu því síðar njóta sömu tollfríðinda gagnvart Íslandi og núverandi aðildarríki EB njóta nú. Hinar almennu tollalækkunar og breytingin á EB munu því hafa í för með sér einföldun á tollkerfinu í heild þar sem ekki verður lengur nauðsynlegt að hafa sérstakan tolltaxta vegna samnings EFTA-landanna við Spán.

Um fjárflyunartolla má að öðru leyti segja að þeir verða að teljast of háir í ljósi samninga okkar við EFTA og EB. Mismunur lægsta og hæsta tolls skapar stöðuga togstreitu við vöruflokkun þar sem af hálfu innflytjenda er af skiljanlegum ástæðum reynt að fá sem hagkvæmasta tolltaxta fyrir viðkomandi vöru. Heppilegast væri eins og nú er komið að reynt yrði að miða hæsta almennan toll við tolltaxta hæsta gildandi tollskrárnúmers sem notið getur fríverslunartollmeðferðar. Þannig væri unnt að ná almennri samræmingu tolla í varanlegum og óvaranlegum neysluvörum, t.d. á flestum matvælum annars vegar og hins vegar heimilistækjum, húsgögnum, búshöldum ýmiss konar o.s.frv.

4.5. Áhrif nýrrar tollskrár á einstaka vöruflokka.

Breyting tolla samkvæmt hinni nýju tollskrá mun hafa mismikil áhrif á einstaka vöruflokka, svo sem neysluvörur, byggingarvörur og ýsmar fjárfestingarvörur.

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu breytingum.

Tollar lækka verulega á hreinlætis- og snyrtivörum. Stór hluti þessara vara ber í dag 80% toll en með nýrri tollskrá verða þær tollfrjálsar við innflutning frá EFTA og EB, en munu bera 10% toll komi þær frá öðrum löndum. Einnig lækka tollar á ýmsum óvaranlegum neysluvörum eins og ritföngum, leikföngum o.fl. Óverulegar breytingar verða á tollum af fatnaði og skóm. Þá lækka tollar á matvörum og drykkjarvörum.

Tollar á varahlutum í heimilistæki og bifreiðar lækka almennt úr 35–40% í 15–30%. Mestu munar um lækkun tolla á alls konar búshöldum, svo sem borðbúnaði, eldhúshöldum o.fl. Tollar á þessum vörum lækka almennt úr 40–80% í 0–10%. Stór hluti innflutnings þessara vara mun jafnframt verða felldur undir ákvæði fríverslunarsamninga við EFTA og EB og njóta þar með tollfrelsis. Þá mun tollur á sjónvörpum, myndböndum og hvers konar hljómflytningstækjum lækka úr 40% í 30%. Umtalsverð lækkun verður líka á tolli af allmörgum byggingarvörum. Má þar nefna hvers konar gólflagningarefni, hreinlætistæki, blöndunartæki, raflagnaefni o.fl., en vörur þessar verða almennt tollfrjálsar. Loks má nefna að auk rannsóknatækja hvers konar verða vélar, tæki og varahlutir til atvinnurekstrar almennt tollfrjálsir en tollar á þeim eru enn í nokkrum tilvikum á bilinu 7–35%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Með lögum nr. 55/1987, tollalögum, var ákveðið að 1. gr. þágildandi tollskrárlaga, nr. 120/1976, skyldi halda gildi sínu þar til ný tollskrá yrði lögfest. Samkvæmt þessari grein er lagt til að tollskráin verði lögfest sem viðauki við tollalögin, sem skrá yfir hinar tollskyldu vörur ásamt þeim tolltaxta sem skuli á þær lagður.

Tollskráin er að öðru leyti byggð á tollskrárfyrirmynd þeirri sem Tollasamvinnuráðið í Brussel hefur látið útbúa og gert er ráð fyrir að tekin verði upp af aðildarríkjum þess frá og með 1. janúar 1988.

Gert er ráð fyrir að samningur Tollasamvinnuráðsins um samræmda vöruheita- og vöruflökkunarskrá verði fullgiltur af Íslands hálfu fyrir lok þessa árs.

Um 3. gr.

Til þess að því markmiði verði náð að framkvæmd gjaldtaka gildi gagnvart atvinnugreinum almennt og undanþáguákvæði raski ekki eðlilegri ráðstöfun einstakra atvinnuþátta er nauðsynlegt að fella úr gildi hvers konar lagafyrirmæli sem hindra að þessum markmiðum verði náð. Í grein þessari felst slík lagahreinsun.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.